



Drög að ályktun um launabjófnað

Nýleg rannsókn ASÍ á umfangi og eðli launabjófnaðar (eða brotastarfsemi) á íslenskum vinnumarkaði staðfesti þann grun um að launabjófnaður sé stundaður hér á landi og að oft sé illa farið með starfsfólk á íslenskum vinnumarkaði. Þetta á sérstaklega við um ungt fólk og erlent vinnuafl.

Slík brotastarfsemi er alvarleg meinsemd á íslenskum vinnumarkaði og verður að uppræta með öllu. Alþýðusambandið og aðildarfélag þess hafa brugðist við þessari afturför með stórefldri upplýsingamiðlun og vinnustaðaeftirliti til að verja félagasína fyrir lögbrotum og aðstoða þá við að sækja rétt sinn.

Sá árangur sem náðst hefur dugur þó hvergi nærri til. Það er ekki nóg að verkalýðshreyfingin berjist gegn launabjófnaði heldur verður samfélagið allt að taka við sér. Það er krafa 7. sambandsþings SGS að ríkisvaldið taki á þessum málum og setji skýr viðurlög sem gera launabjófnað í landinu refsiverðan og geri launafólki, sem hefur verið brotið á, færi á að kæra atvinnurekendur til dómstóla.

Það er einnig krafa þingsins til fyrirtækja og samfélagsins alls að brotastarfsemi á vinnumarkaði og misnotkun á ungu og erlendu launafólki verði að upprætt. Til þess þarf einnig bættu löggjöf og regluverk ásamt því að stórauka eftirfylgni, efla upplýsingamiðlun og stuðning við brotþola. Þá þarf að stórefla þær stofnanir sem fara með eftirlit á vinnumarkaði.